

Nr. 289

1. mars 2007

GJALDSKRÁ fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Blönduóssbæ.

1. gr.

Blönduóssbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 15.312.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2000 lítra	kr. 4.500 pr. þró
Rotþró 2001-4000 lítra	kr. 5.300 pr. þró
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 6.100 pr. þró
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 3.100 pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibils sé 50 metrar eða styrttri. Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

5. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald kr. 4.500 fyrir hverja losun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ nr. 228/2007 og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 14. febrúar 2007.

Blönduósi, 1. mars 2007.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2007